

141

3. gr.

16. okt.

Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram í löggildingarstofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar 5 kr. um klukkustund eða brot úr klukkustund, þó ekki meira en 40 kr. á dag, að viðbætti lögmælti verðlagsuppbót.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 186 6. nóv. 1942, um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

142

REGLUGERÐ

19. okt.

um breyting á reglugerð nr. 57 17. apríl 1944, um breyting á reglugerð nr. 133 28. desember 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Leyfa skal fyrst um sinn, þar til er öðru vísi verður ákveðið, 3 af hundraði af fasteignamati steinhúsa og 6 af hundraði af fasteignamati timburhúsa sem hámarks-afskrift til frádráttar skattskyldum tekjum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi, en kemur fyrst til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1945.

Fjármálaráðuneytið, 19. október 1944.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

143

GJALDSKRÁ

14. nóv.

fyrir dómtúlkun og skjalapýðingar.

1. gr.

Grunngjöld fyrir störf dómtúlka og skjalapýðenda skulu vera sem hér segir: Fyrir staka blaðsíðu heila kr. 19.40.

Fyrir hverja síðu í stærri þýðingu kr. 15.60.

Sé um tekniskt mál að ræða, hækkar grunngjald þetta um 50%.

Fyrir minnstu þýðingu kr. 10.00.

Skýlt er skjalapýðanda að láta frumriti fylgja tvö samrit endurgjaldslaust. Séu lätin af hendi fleiri samrit, skal fyrir hverja blaðsíðu samrits greiða kr. 2.50.

Við grunngjöld öll bæstist 30% uppbót og síðan verðstuðulsuppbót eftir vísitölu eins og hún er á hverjum tíma.

2. gr.

143

„Blaðsíða“ táknað í gjaldskrá þessari föliósiðu, 33 × 20 cm að stærð, vélritaða í aðrahvora línu á níu-stafa (nine-pitch) ritvél, og byrji lína í sextánda sæti á slíkri vél. 14. nóv.

3. gr.

Lágmarks-grunnjald fyrir dómtúlkun skal vera kr. 25.00 fyrir eina klukkustund eða skemmri tíma. Fyrir hverja klukkustund eða brot úr klukkustund þar fram yfir, skal greiða kr. 12.00. Þetta verðlag skal bætt upp eftir því sem segir í 1. grein.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32/1914.

Í dómsmálaráðuneytinu, 14. nóvember 1944.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

144

um eyðingu refa í Rangárvallasýslu.

21. nóv.

1. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn refaeyðingar í afréttum og heimalöndum sýslunnar, en hreppsnefndin annast eftirlit og framkvæmd þess starfs, hver í sínu umdæmi.

2. gr.

Leita skal grenja á hverju vori í afréttum og heimalöndum þar sem nokkrar líkur benda til að refir hafist við. Skal leit sú gerð oftast en einu sinni sama vorið, ef þurfa þykir. Skipar viðkomandi hreppsnefnd fyrir um leitir þessar, á þeim tíma, er hún telur heppilegastan. Eru búendur hreppsins skyldir að inna þetta starf af höndum eins og um fjallskil væri að ræða. Eigi tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman, annast þeir í sameiningu um grenjaleitir.

Heimilt er sýslunefnd að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum, er fullvíst þykir að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum hreppsins, eða þar hafi ekki orðið vart refa undanfarin ár.

3. gr.

Hreppsnefnd ræður einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu á sínu svæði og leggur honum til aðstoðarmann eða menn eftir því, sem þurfa þykir.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir, að reyna að vinna gren og taka yrðlinga úr þeim, nema atvik liggja svo til að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

4. gr.

Finnist gren utan leitar, skal ekki yfirgefa það, ef kostur er. En finni það einn maður, er honum skylt að forðast öli afskipti af því, en flýta för sinni til bæja og tilkynna skotmanni eða hreppsnefnd, sem sér um að farið verði á grenið þegar í stað.

5. gr.

Eitra skal fyrir refi að hausti og vetri, er þurfa þykir, bæði í heimalöndum og í afrétti þar, sem þeirra er helzt von.